



Hörgársveit

Hörgársveit Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Hörgá svæði 9, 2021

Leyfishafi:

Efniskaupi: G.V. gröfur ehf.

kt. 500795-2479

Frotagötu 4a, 603 Akureyri

Landeigandi: Ásgrímur Bragi Konráðss.

kt. 190762-2039.

Lönguhlíð, 604 Akureyri

Leyfisveitandi:

Hörgársveit

kt. 510101-3830

Þelamerkurskóla, 601 Akureyri

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- a) Umsókn um framkvæmdaleyfi - eyðublað
- b) Erindi leyfishafa til Fiskistofu, dags. 16. desember 2020
- c) Matsskýrsla með viðaukum – unnin af environice dags. apríl 2015, staðfest af Skipulagsstofnun 4. júní 2015.
- d) Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, dags. 24. október 2017.
- e) Umsögn Erlends Steinars Friðrikssonar, fiskifræðings, dags. 16. desember 2020
- f) Umsögn Veiðifélags Hörgár, dags. 19. nóvember 2020
- g) Umsögn Fiskistofu, dags. 22. mars 2021
- h) Staðfest samkomulag milli leyfishafa og leyfisveitanda um greiðslu framkvæmdaleyfisgjalds
- i) Yfirlitsuppráttur/afstöðumynd, mynd 1 í umsögn Fiskistofu dags. 22. mars 2021.
- j) Verklýsing leyfishafa vegna áfyllingar olíu á framkvæmdasvæði
- k) Viðbragðsáætlun leyfishafa vegna mengunarslyss á framkvæmdasvæði
- l) Yfirlitsuppráttur/afstöðumynd, mælikvarði 1:5.000, dags. 1. nóvember 2017

Útgáfa framkvæmdaleyfisins:

Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar Hörgársveitar 24. mars 2021 er hér með veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Hörgá skv. neðangreindum skilmálum.

Gildistími framkvæmdaleyfisins:

Framkvæmdaleyfið gildir til 30. apríl 2023.

Efnistökutímabil:

1. október til og með 30. apríl ár hvert.

Svæði sem framkvæmdaleyfið tekur til:

Framkvæmdaleyfið tekur til svæðis E9 í gildandi aðalskipulagi Hörgársveitar.

Magn efnis sem framkvæmdaleyfið tekur til:

50.000 rúmmetrar

Efnistökuáætlun



Hörgársveit

Efnistaka fer fram skv. yfirlitsupprætti í fylgiskjali i) og skiptist milli ára á eftirfarandi hátt:

Efnistökutímabil	Efnismagn [m ³]
2021-2022	25.000
2022-2023	25.000

Ábyrgðaraðilar efniskaupa:

Kristinn G. Steinþórsson
Jóhannes Árnason
Emil Þór Guðmundsson
Karl G. Þormarsson
Torfi Grímsson
Kamil Kot
Guðmundur V. Guðmundsson

Eftirlitsmaður framkvæmdaleyfisins:

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Útgáfudagur:

24. mars 2021

Undirskrift:

*Skipulags- og byggingarfulltrúi
Eyjafjarðar*

Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:

1. Framkvæmdaleyfi þetta er veitt skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
2. Bæði efniskaupi og landeigandi hafa með undirritun umsóknareyðublað (fylgiskjal a) staðfest aðild sína að framkvæmdaleyfi þessu og teljast ábyrgir á skilmálum þess gagnvart leyfisveitanda.
3. Ýrtruðu varúðar er gætt við meðferð olíu og olíuáfyllingar á framkvæmdasvæði. Verkferlislýsing leyfishafa vegna olíuáfyllingar á efnistökusvæði (fylgiskjal j) sem og viðbragðsáætlun verktaka vegna mengunarslyss (fylgiskjal k) skulu lögð fram til samþykktar hjá leyfisveitanda áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.
4. Efniskaupi skal ábyrgjast að á meðan vinna á hans vegum stendur yfir á framkvæmdasvæðinu sé að lágmarki einn starfsmaður hans viðstaddur sem setið hefur öryggiskynningu á vegum leyfisveitanda vegna vinnu á vatnsverndarsvæði.
5. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir staðfest samkomulag milli leyfishafa og leyfisveitanda um greiðslu framkvæmdaleyfisgjalds vegna leyfisins (fylgiskjal h).



Hörgársveit

6. Efnistaka á efnistökusvæði er einungis heimil innan skilgreinds efnistökutímabils. Heimilt er þó að sækja haugsett efni utan skilgreinds efnistökutímabils, enda eru haugar ekki staðsettir í námunda við árbakka.
7. Ef leyfishafi telur þörf á að víkja frá efnistökuáætlun sem tilgreind er að ofan skal hann sækja um leyfi til þess hjá leyfisveitanda.
8. Fjölda tækja á efnistökuvæði skal haldið í lágmarki og ekki skulu vera þar önnur tæki á vegum leyfishafa en þau sem eru í notkun við efnisnám.
9. Varahlutir, birgðir og lausafé sem ekki nýtist beint við efnistöku skal ekki geymt á efnistökusvæðinu.
10. Ekki er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu leyfishafa innan efnistökusvæðisins.
11. Vinna við vélar, s.s. olíuskipti og annað viðhald, er bönnuð á efnistökusvæði.
12. Utan vinnutíma skulu vélar geymdar á geymslusvæði fjarri ánni.
13. Vélar og tæki skulu aldrei geymd á efnistökusvæði utan efnistökutímabils.
14. Allur laus úrgangur sem kann að falla til vegna vinnu við efnistöku skal fjarlægður samdægurs og fargað á viðurkenndan hátt.
15. Tæki og búnaður sem notaður er á efnistökusvæðinu skal vera í góðu ástandi og með gilda skráningu frá Vinnueftirlitinu.
16. Engar olíubirgðir skulu geymdar á efnistökusvæðinu.
17. Starfsmenn sem annast olíuflutning á vegum leyfishafa skulu hafa tilskilin réttindi hjá Vinnueftirliti.
18. Vinnsludýpi við efnistöku skal vera eins og tilgreint er í erindi leyfishafa til Fiskistofu, dags. 16. desember 2020 (fylgiskjal b).
19. Efnisflutningar um svæðið og út á þjóðvegi skulu einungis vera eftir vegum sem skilgreindir eru á afstöðumynd sem fylgir framkvæmdaleyfi (fylgiskjal l).
20. Ef sandfoks gætir í verulegum mæli af vegslóðum skulu þeir vökvaðir eða rykbundnir á annan hátt.
21. Þar sem efni er tekið úr grónu landi skal taka gróðurþekju til hliðar í upphafi verks en dreifa yfir svæðið aftur þegar framkvæmdaleyfið rennur út.
22. Við lok efnistöku skal jafna úr botni vatnsvegar eins og kostur er. Árbakkar skulu vera árbakkar stöðugir og hafa eins jafnan halla og kostur er.
23. Við lok efnistöku skal tryggt að Hörgá hafi nægjanlegt pláss í farvegi sínum og renni að mestu í núverandi meginfarvegi.
24. Jafnað skal úr efnisgeymslusvæðum þegar haugar hafa verið fullnýttir og skal gróðurframvindu flýtt með sáningu eða áburði eftir atvikum.
25. Slóðar sem lagðir verða vegna efnistökkunnar skulu fjarlægðir að framkvæmd lokinni.
26. Ljúka skal frágangi á hverjum áfanga sem tilgreindur er í framkvæmdarleyfisumsókn þegar efnistökuheimild er fullnýtt.
27. Samráð skal haft við Vegagerðina um tilhögun tenginga við þjóðvegi.



Hörgársveit

28. Tryggt skal að álitlegar hrygningarstöðvar í farvegi Hörgár þorni ekki upp vegna efnistökkunnar sem og að farvegur lokist ekki þannig að fiskur verði innlyksa.
29. Framkvæmdaleyfi þetta tekur ekki til annarar malarvinnslu en fyrsta stigs malarvinnslu, þ.e. forbrots og flokkunar, innan efnistökkusvæðisins. Sækja skal sérstaklega um um leyfi vegna annarar malarvinnslu innan efnistökkusvæðisins.
30. Samráð skal haft við fiskifræðing um framkvæmd efnistöku í árfarvegi og frágang að framkvæmd lokinni.
31. Framkvæmdaleyfið er bundið þeim skilmálum sem fram koma í fylgigögnum leyfisins.